



## STAÐA MÁLS

Málnr.:	<b>2015-089F026</b>
Dags:	<b>12. nóvember 2015</b>
Staður:	<b>Æfingasvæði suður af Hafnarfirði, miðsvæði</b>
Lýsing:	<b>Brotlenti með þeim afleiðingum að tveir létust</b>
Staða máls:	<b>Nóvember 2016: Í rannsókn Nóvember 2017: Drög að lokaskýrslu í vinnslu</b>

Kennari ásamt nemanda á TF-IFC (Tecnam P2002JF) fóru í þjálfunarflug til þess að nemandi öðlaðist kennsluréttindi á þessa tegund flugvélar.

Eftir snertilendingar á Reykjavíkflugvelli var ákveðið að fara yfir í æfingasvæði suður af Hafnarfirði (Miðsvæði) þar sem meðal annars ofrisæfingar voru fyrirhugaðar. Við rannsóknina hefur komið í ljós að líklegt er að flugvélin hafi spunnið til jarðar.

Í mars og apríl 2016 urðu slys á sömu tegund flugvélar í Póllandi og Ungverjalandi þar sem ummerki benda til þess að flugvélar hafa einnig spunnið til jarðar. Fulltrúar frá Íslandi, Pólland og Ungverjaland ásamt fulltrúum frá framleiðanda lofffarsins og rannsóknarnefnd flugslysa á Ítalíu, sem er framleiðsluríki lofffarsins, athuga meðal annars hvort atvikin þrjú séu hliðstæð.

RNSA hefur bent flugrekandanum á að framkvæma ekki æfingar, sem gætu leitt til spuna, á þessari tegund flugvélar þar til frekari niðurstöður liggja fyrir.